

Ár 2013, fimmtudaginn 13. júní kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Elínborg Ólafsdóttir í forföllum Aldísar Hafsteinsdóttur, Ninna Sif Svavarsdóttir, Róbert Hlöðversson og Njörður Sigurðsson í forföllum Jóhönnu Ýrar Jóhannsdóttur.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Eyþór H. Ólafsson, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

## Dagskrá:

### 1. Fundagerðir.

#### 1.1. Bæjarráðs frá 16. maí 2013.

Liðir afgreiddir sérstaklega:

2.3. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna sorphirðu, endurvinnslu og jarðgerðar frá 14. maí 2013.

2.4. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna uppsagnar leigusamnings í Sunnumörk frá 14. maí 2013.

3.1. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun frá leikskólanum Undralandi frá 13. maí 2013

3.2. Minnisblað frá bæjarstjóra – laun í vinnuskóla frá 13. maí 2013

3.3. Opnun tilboða, klæðning útveggja mynd- og handmenntahúss að Breiðumörk 24 frá 13. maí 2013.

#### Bæjarráðs frá 6. jún 2013.

Liðir afgreiddir sérstaklega:

1.3. Garðyrkjustöð Ingibjargar ehf frá 3. júní 2013.

#### 1.2. Skipulags- og byggingarnefndar frá 8. maí 2013.

Liðir afgreiddir sérstaklega:

Nr.1. Hverhamar/Hverahvammur, breyting á aðalskipulagi.

Nr.2. Reykjadalur – Deiliskipulag, umsögn um skipulagslýsingu.

Nr.3. Hverhamar matshluti 06, breytt notkun og innra skipulag

Nr.4. Reykjamörk 16, matshluti 02, sameining íbúða.

Nr.5. Hverahlíð 18, umsókn um stækkun kirkjulóðar.

#### 1.3. Fasteignafélags Hveragerðisbæjar frá 7. maí 2013.

Liðir afgreiddir sérstaklega:

Nr.3. Stækkun bílaplans við Hamarshöllina

Nr.4. Malbikun við Hamarshöllina.

- 
- 1.4. **Velferðarnefndar Árneshvíls frá 15. maí 2013.**
  - 1.5. **Fræðslunefndar frá 6. maí 2013.**  
**Fræðslunefndar frá 10. júní 2013.**  
Liðir afgreiddir sérstaklega:  
Nr.5. Gjafir til starfsmanna við starfslok
  2. **Samþykkt um stjórn Hveragerðisbæjar, síðari umræða.**
  3. **Síðareglur kjörinna fulltrúa hjá Hveragerðisbæ, síðari umræða.**
  4. **Ályktun fundar fulltrúa aðildarsveitarfélaga Skólaskrifstofu Suðurlands utan Árborgar haldinn á Hvolsvelli 29. maí 2013.**
  5. **Forkaupsréttur á hlutabréfum í Háskólafélagi Suðurlands.**
  6. **Upptökur á bæjarstjórnarfundum, tillaga frá A-lista.**
  7. **Tölvumál Grunnskólans í Hveragerði, tillaga frá A-lista.**
  8. **Sameining Hveragerðis og Ölfus, fyrirspurn frá A-lista.**
  9. **Leikskólamálefni, fyrirspurn frá A-lista.**
  10. **Kosning forseta, varaforseta og skrifara bæjarstjórnar og kosning í bæjarráð.**
  11. **Sumarfrí bæjarstjórnar.**
  12. **Fundagerðir til kynningar;**
    - 12.1. Bæjarstjórnar frá 7. maí 2013.

Hér var gengið til dagskrár

## **1. Fundagerðir;**

### **1.1. Bæjarráðs frá 16. maí 2013.**

Eftirtaldir tóku til máls: Njörður Sigurðsson, Unnur Þormóðsdóttir og Eyþór H. Ólafsson.

Liður 2.3. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna sorphirðu, endurvinnslu og jarðgerðar frá 14. maí 2013 afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Liður 2.4. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna uppsagnar leigusamnings í Sunnumörk frá 14. maí 2013 afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Liður 3.1. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun frá leikskólanum Undralandi frá 13. maí 2013 afgreiddur sérstaklega. Samþykktur samhljóða.

Liður 3.2. Minnisblað frá bæjarstjóra – laun í vinnuskóla frá 13. maí 2013 afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Liður 3.3. Opnun tilboða, klæðning útveggja mynd- og handmenntahúss að Breiðumörk 24 frá 13. maí 2013 afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

### **Bæjarráðs frá 2. maí 2013.**

Enginn tók til máls.

Liður 1.3. Garðyrkjustöð Ingibjargar ehf afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

### **1.2. Skipulags- og byggingarnefndar frá 8. maí 2013.**

Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson og Njörður Sigurðsson.

Liður nr.1. Hverhamar/Hverahvammur, breyting á aðalskipulagi afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Liður nr.2. Reykjadalur – Deiliskipulag, umsögn um skipulagslýsingu afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Liður nr.3. Hverhamar matshluti 06, breytt notkun og innra skipulag afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Liður nr.4. Reykjamörk 16, matshluti 02, sameining íbúða afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Liður nr.5. Hverahlíð 18, umsókn um stækkun kirkjulóðar afgreiddur sérstaklega.

Fulltrúar meirihlutans lögðu fram eftirfarandi tillögu.

Bæjarstjórn frestar afgreiðslu erindisins og felur skipulags- og bygginganefnd að koma með tillögu að útfærslu á stækkuðu bílastæði kirkjunnar þar sem því svæði þar sem hver kom upp undir húsi verði gerð góð skil og það gert aðgengilegt ferðamönnum.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

### **1.3. Fasteignafélagi Hveragerðisbæjar frá 7. maí 2013.**

Eftirtaldir tóku til máls: Róbert Hlöðversson og Eyþór H. Ólafsson.

Liður nr.3. Stækkun bílaplans við Hamarshöllina afgreiddur sérstaklega. Samþykktur með fimm atkvæðum meirihlutans, minnihlutinn sat hjá.

Liður nr.4. Malbikun við Hamarshöllina afgreiddur sérstaklega. Samþykktur með fimm atkvæðum meirihlutans, minnihlutinn sat hjá.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

- 
- 1.4. Velferðarnefndar Árneshvíls frá 15. maí 2013.**  
Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 1.5. Fræðslunefndar frá 6. maí 2013.**  
Enginn tók til máls.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- Fræðslunefndar frá 10. júní 2013.**  
Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson og Ninna Sif Svavarsdóttir.  
Liður 5. Gjafir til starfsmanna við starfslok afgreiddur sérstaklega.  
Fulltrúar meirihlutans lögðu fram eftirfarandi tillögu.  
Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra í samráði við forstöðumenn stofnana bæjarins að setja reglur um gjafir til starfsmanna bæjarins við starfslok.  
Tillagan samþykkt samhljóða.  
Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.
- 2. Samþykkt um stjórn Hveragerðisbæjar, síðari umræða.**  
Lögð fram til síðari umræðu samþykkt Hveragerðisbæjar.  
Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson, Guðmundur Þór Guðjónsson, Njörður Sigurðsson, Ninna Sif Svavarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir og Róbert Hlöðversson.  
Forseti fór yfir helstu breytingar sem gerðar hafa verið á samþykktunum frá fyrri umræðu samkvæmt ábendingum frá lögfræðingi í ráðuneytinu.  
Samþykktirnar samþykktar samhljóða.
- 3. Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Hveragerðisbæ, síðari umræða.**  
Lagðar fram til síðari umræðu siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Hveragerðisbæ.  
Eftirtaldir tóku til máls: Njörður Sigurðsson.  
Siðareglurnar samþykktar samhljóða.
- 4. Ályktun fundar fullrúa aðildarsveitarfélaga Skólaskrifstofu Suðurlands utan Árborgar haldinn á Hvolsvelli 29. maí 2013.**  
Lögð fram ályktun frá fulltrúum aðildarfélaga Skólaskrifstofu Suðurlands utan Árborgar sem gerð var á fundi á Hvolsvelli þann 29. maí 2013.  
Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson, Róbert Hlöðversson, Ninna Sif Svavarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir og Guðmundur Þór Guðjónsson.  
Eftir ítarlega skoðun og samræður þeirra sveitarfélaga sem eftir standa er ljóst að ekki

telja þau öll forsendur til þess að reka sameiginlega skólaþjónustu. Því telja þau að ekki sé annar kostur í stöðunni en að hefja nú þegar vinnu við samþættingu sérfræðiþjónustu á sviði fræðslu- og skólamála við velferðarþjónustuna annarsvegar í Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu og hinsvegar í Árneshlíð utan Árborgar.

Bæjarstjórn samþykkir því að segja sig úr Skólaskrifstofu Suðurlands.

Bæjarstjórn hvarf þá að Sveitarfélagið Árborg skuli með ákvörðun sinni hafa gert það að verkum að áratugalöngu farsælu samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi um skólaþjónustu sé nú að ljúka.

#### 5. Forkaupsréttur á hlutabréfum í Háskólafélagi Suðurlands.

Á aðalfundi Háskólafélags Suðurlands sem haldinn var 6. júní voru samþykkt að auka hlutafé félagsins um tæpar 6,3 mkr. sem gert er ráð fyrir að Sveitarfélagið Hornafjörður leggi inn í félagið.

Enginn tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti á hlutafénu.

#### 6. Upptaka á bæjarstjórnarfundum, tillaga frá A-lista.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram frá A-lista.

Bæjarstjórn fól A-listanum á fundi 7. maí sl. að kanna kostnað og útfærslu á upptöku á bæjarstjórnarfundum. Sú greinargerð fylgir hér á eftir. Samkvæmt henni er eini kostnaður bæjarfélagsins fólgin í hýsingu á hljóðupptökum og því um óverulegan kostnað bæjarins að ræða en upplýsingamiðlun til íbúa margfaldast.

Bæjarfulltrúar A-listans leggja til að bæjarstjóra verði falið að sjá til þess að fyrsti bæjarstjórnarfundur eftir sumarfrí verði tekinn upp og upptakan gerð aðgengileg á vef bæjarins eftir fundinn.

Greinargerð

Tvær leiðir eru færar til að taka upp bæjarstjórnarfundum. Annars vegar að taka fundina upp á staðnum, t.d. með hljóðupptökutæki (diktafón). Hins vegar er hægt að taka fundina upp í gegnum vefinn þegar fundirnir eru sendir út í beinni útsendingu. Á margan hátt er auðveldara að taka upp bæjarstjórnarfundum í gegnum vefinn, aðeins þarf forrit til þess. Bæði er hægt að finna forrit sem eru ókeypis og önnur sem þarf að greiða fyrir.

Ekki þarf að stofna til kostnaðar við að kaupa slík forrit því þau eru ókeypis duga vel til þess að taka upp bæjarstjórnarfundum, má þar t.d. nefna forritin SoundTap, <http://www.nch.com.au/soundtap/index.html>, eða Audacity, <http://audacity.sourceforge.net/>. Þessi forrit taka upp hljóð sem er streymt yfir vefnum eins og beinar útsendingar bæjarstjórnarfunda.

Kostnaður við að taka upp bæjarstjórnarfundum og gera þá aðgengilega á vefnum liggur eingöngu í hýsingu hljóðskráa á vef bæjarins en forrit fyrir hljóðupptöku er ókeypis.

Gera má ráð fyrir að ein mínúta jafngildi um 1 mb. í Mp3 skráargerð (miðað við 128 bitrate). Þannig ætti klukkustundafundur að vera um 60 mb. Hýsing á hljóðskrá er annað hvort í gegnum þann aðila sem hýsir vef bæjarins eða að hljóðskrárnar séu hýstar sérstaklega hjá öðrum aðila.

Útfærsla á hljóðupptökum á bæjarstjórnarfundum:

1. Huga að hýsingu á hljóðskrá, annað hvort hjá hýsingaraðila vefs Hveragerðisbæjar eða finna hýsingu sérstaklega fyrir hljóðskrárnar.
2. Finna ókeypis forrit fyrir hljóðupptöku, t.d. SoundTap, <http://www.nch.com.au/soundtap/index.html>, eða Audacity, <http://audacity.sourceforge.net/>.
3. Hlaða forritinu niður á tölvu. Líklegast er heppilegast að hlaða því niður á aðra tölvu en notuð er til að streyma bæjarstjórnarfundum í beinni útsendingu.
4. Taka upp bæjarstjórnarfund. Heppilegast er að taka upp í Mp3 skráargerð þar sem þau eru léttari en margar aðrar hljóðskrárgerðir auk þess sem hægt er að spila Mp3-skrár á flestum tölvum.
5. Að loknum bæjarstjórnarfundum þarf hugsanlega að klippa til hljóðskrárnar, t.d. ef hlé eru tekin á fundi þá yrðu þau klippt burtu.
6. Hljóðskránum er hlaðið inn á vef Hveragerðisbæjar þar sem hægt er að nálgast þær fyrir áhugasama..

Eftirtaldir tóku til máls: Njörður Sigurðsson, Eyþór H. Ólafsson, Ninna Sif Svavarsdóttir, Róbert Hlöðversson, Guðmundur Þór Guðjónsson og Elínborg Ólafsdóttir.

Forseti lagði fram eftirfarandi breytingartillögu:

Bæjarstjórn samþykkir að upptökur á bæjarstjórnarfundum hefjist á fyrsta fundi bæjarstjórnar að afloknu sumarfríi og að upptökurnar verði aðgengilegar á heimasíðu Hveragerðisbæjar að lágmarki í 4 ár.

Tillaga forseta samþykkt samhljóða.

## 7. Tölvumál Grunnskólans í Hveragerði, tillaga frá A-lista.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram frá A-lista.

Bæjarfulltrúar A-listans leggja til að bæjarstjóra verði falið að kanna kostnað við úrbætur á tölvukosti Grunnskólans í Hveragerði og verði gert ráð fyrir þeim lið í fjárhagsáætlun ársins 2014.

Greinargerð:

Á vordögum var framkvæmt ytra mat á starfi Grunnskólans í Hveragerði. Matið unnu matsmenn á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Matið kom einstaklega vel út fyrir Grunnskólann í Hveragerði. Matsaðilar komu með ábendingar um úrbætur og kom þá sérstaklega í ljós að bragarbót yrði að gera á tölvubúnaði skólans.

---

Til að skólinn dragist ekki aftur úr úr viðunandi kennsluháttum þarf að gera bót á þessu máli.

Róbert Hlöðversson

Njörður Sigurðsson

Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson, Ninna Sif Svavarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Róbert Hlöðversson.

Fulltrúa A-listans drógu tillöguna til baka eftir umræður á fundinum.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun.

Niðurstöður ytra mats munu berast bæjarstjórn og Grunnskólanum í Hveragerði þegar þær liggja fyrir og verða þá um leið teknar á dagskrá fundar bæjarstjórnar. Hins vegar er eðlilegt að vísa til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 úrbótum í tölvumálum grunnskólans komi tillögur þess efnis fram frá stjórnendum skólans

#### 8. Sameiningarmál Hveragerðis og Ölfuss, fyrirspurn frá A-lista.

Eftirfarandi fyrirspurn var lögð fram frá A-lista.

Á fundi bæjarstjórnar þann 12. janúar 2012 lögðu bæjarfulltrúar A-listans fram tillögu um að hafnar yrðu viðræður við bæjarstjórn Ölfuss um sameiningu Hveragerðisbæjar og Ölfuss. Meirihlutinn hafnaði tillögunni, en lagði fram breytingartillögu þess eðlis að hafnar yrðu viðræður við bæjarstjórn Ölfuss um breytt sveitarfélagamörk í staðinn. Bæjarstjórn fól bæjarstjóra að óska eftir viðræðum við fulltrúa sveitarfélagsins Ölfuss.

Bæjarfulltrúar A-listans óska eftir upplýsingum um gang þessara viðræðna og hvaða niðurstöðum liggja fyrir um málið núna 15 mánuðum eftir að bæjarstjóra var falið að óska eftir viðræðunum.

Róbert Hlöðversson

Njörður Sigurðsson

Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Róbert Hlöðversson, Njörður Sigurðsson.

Fulltrúar meirihlutans gerðu grein fyrir stöðu mála varðandi viðræður við Sveitarfélagið Ölfus um breytingar á sveitarfélagamörkum.

Bæjarstjóra falið að kalla eftir formlegu svari frá Sveitarfélaginu Ölfus um breytingu á sveitarfélagamörkum.

#### 9. Leikskólamálefni, fyrirspurn frá A-lista.

Eftirfarandi fyrirspurn var lögð fram frá A-lista.

Fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar lofuðu sjálfstæðismenn öllum 18 mánaða gömlum börnum dvöl á leikskóla en það hefur ekki staðist í einhvern tíma og hefur nú myndast biðlisti. Hvernig hyggst meirihlutinn bregðast við þessu

Róbert Hlöðversson

Njörður Sigurðsson.

Eftirtaldir tóku til máls: Ninna Sif Svavarsdóttir, Eypór H. Ólafsson, Róbert Hlöðversson og Guðmundur Þór Guðjónsson.

Fulltrúar meirihlutans lögðu fram eftirfarandi svar við fyrirspurninni.

Um nokkurra ára skeið hafa börn komist inn á leikskóla í Hveragerði við átján mánaða aldur. Í þeim tilfellum sem það hefur dregist um örfáa mánuði greiða börn 18 mánaða og eldri aðeins leikskólagjald til dagmæðranna en sveitarfélagið greiðir mismuninn. Meirihluti bæjarstjórnar hefur fullan hug á því að halda áfram að bjóða 18 mánaða börnum leikskólaláss. Því er unnið að lausn biðlistans sem nú hefur myndast í góðri samvinnu við leikskólastjóra

#### 10. Kosning forseta, varaforseta og skrifara bæjarstjórnar og kosning í bæjarráð.

##### Forseta og varaforseta bæjarstjórnar til eins árs.

Ninna Sif Svavarsdóttir var kosin forseti með 5 atkvæðum, Unnur Þormóðsdóttir fékk 1 atkvæði og Róbert Hlöðversson fékk eitt atkvæði.

Eypór H. Ólafsson var kosinn varaforseti með 6 atkvæðum, Róbert Hlöðversson fékk eitt atkvæði.

##### Ritara bæjarstjórnar, aðal og vara, til eins árs.

Kosning ritara.

Stungið var upp á Róberti Hlöðverssni sem ritara. Samþykkt samhljóða.

Kosning vararitara.

Stungið var upp á Unni Þormóðsdóttur sem vararitara. Samþykkt samhljóða.

##### Þriggja bæjarfulltrúa í bæjarráð og þriggja til vara til eins árs.

Tillaga.

Aðalmenn:

Guðmundur Þór Guðjónsson

Unnur Þormóðsdóttir

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Varamenn:

Eypór H. Ólafsson

Ninna Sif Svavarsdóttir

Róbert Hlöðversson

Tillagan samþykkt samhljóða.

#### 11. Sumarfrí bæjarstjórnar.

Forseti lagði fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkir að fella niður fundi bæjarstjórnar í júlí og ágúst vegna sumarleyfis bæjarstjórnar og felur bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála í samræmi við 2. og 3. mgr. 48. grein samþykktu um stjórn Hveragerðisbæjar og



fundarsköp bæjarstjórnar.  
Tillagan samþykkt samhljóða

**12. Fundagerðir til kynningar;**

12.1. Bæjarstjórnar frá 7. maí 2013.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18: 57

Eyþór H. Ólafsson (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Elínborg Ólafsdóttir, (sign)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)